

Stjórnarfundur 24.9 2020, kl. 16:00

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2021
2. 8 mánaðar uppgjör fyrir 2020
3. Starfsmannamál safnsins
4. Áskorun til safnsins frá SÍM
5. Erindi frá safnasafninu varðandi verk Ragnars Bjarnasonar
6. Erindi frá ættingjum Péturs Behrens
7. Þjónustusamningur við Hveragerðisbæ
8. Framkvæmdir framundan - gengið um safnið
9. Covid áhrif á safnastarf á landsvísu
10. Önnur mál

Liður 1 og 2 - farið yfir skjöl

Helgi og Kristín fara yfir fjárhagsáætlun og setja nánar upp.

Liður 3 - starfsmannamál

Einn starfsmaður verður í fullu starfi auk Kristínar. Einn verktaki í verktakavinnu við safneignina.

Vinna við safneignina er styrkt af Safnaráði.

Helgarstarfsmenn eru 3.

Kristín Þóra hefur sagt upp störfum og mun klára nú í lok september.

Liður 4 – bréf frá SÍM

Farið yfir bréf frá SÍM sem sent var til forstjóðumanna myndlistastofnana, þar sem hvatt er til þess

að skráning á sýningasögu og sýningarstarfi verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Vefsíða safnsins hefur verið endurhönnuð og er enn í vinnslu.

Liður 5 - Erindi frá Safnasafninu.

Kristínu falið að ræða við fyrrverandi safnstjóra varðandi lyktir málsins. Stjórn safnsins samþykkir jafnframt að Safnasafnið fái til eignar þau tvö verk sem lánuð voru til fjölskyldumeðlims Ragnars Bjarnasonar.

Liður 6 – Erindi frá ættingjum Pétur Behrens.

Því miður er ekki til fjármagn til kaupa á þessum verkum en við þökkum erindið.

Liður 7 – þjónustusamningur við Hveragerðisbæ

Þjónustusamningur safnsins við Hveragerðisbæ skoðaður.

Samningur samþykktur.

Liður 8 - framkvæmdir

Framkvæmdir á góðum rekspól.

Framkvæmdir við loftræstikerfi eru á lokastigi.

Endurbætur hafa verið gerðar á safnbúð sem eru afar vel heppnaðar.



Ljóst er að þörf er á frekara viðhaldi á bæði gluggum og ljósum.
Nokkur önnur mikilvæg verkefni einnig rædd.

Liður 9 - Covid

Ánægjulegt að geta þess að aðsókn á sumarsýninguna var miklu meiri en gert var ráð fyrir vegna ástandsins. Gestir voru fyrst og fremst íslenskir. Alls voru sumargestir 4673.

10 - önnur mál

Opnunartími hefur verið aukinn. Opíð alla daga frá kl. 12.00 – 17.00, nema mánudaga.

Sala hefur aukist í safnbúðinni og stefnt að enn frekari aukningu.

Framundan eru pop-up sýningar og verkefni.

Handritin til barnanna – samstarf við Árnastofnun.

List án landamæra – samstarf við Sólheima.

Grasagrafík – samstarf við Viktor P. Hannesson.

Ýmsar hugmyndir ræddar að samstarfi og áhugaverðum verkefnum.

Áfram sótt í ýmsa sjóði.

Fundi slitið 18.15


Helgi Haraldsson


Aldís Hafsteinsdóttir


Anna Kr. Ásmuðsdóttir


Kristín Scheving